



Móttakandi: Bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar
Varðandi: Breyting á deiliskipulagi Víkurhverfis
Málsnúmer: 2111016
Dags.: 29. mars 2022
Málefni: Minnisþingarsviðsstjóra umhverfis- og skipulagsmála/skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar um mögulega vistvottun Víkurhverfis.

Þetta minnisblað er unnið að beiðni bæjarstjóra vegna fyrirspurnar sem kom fram á 638. fundi bæjarráðs þann 24. mars s.l. um mögulega vistvottun Víkurhverfis. Marmiðið með þessu faglega álit er að útskýra grundvallarkröfur vottunar, þau skref sem hafa verið stigin í átt að sjálfbærni og vottunarkröfur sem við uppfyljum ekki sem stendur en gætum gert það sé vilji fyrir því hjá bæjarstjórn.

Til þess að svara spurningunni eins og hún barst þ.e. „hvort núverandi breytingar á skipulagi Víkurhverfisins fari gegn hugmyndafræði vistvottunar“ þá er endurskipulag 1. áfanga Víkurhverfis að mörgu leiti skref í rétta átt, þó það sé uppfylli ekki á þessum tímapunkti kröfur um vistvottun eða vistvænt skipulag.

Til frekari upplýsingar, þá er listinn yfir kröfur vistvottunar langur en hér eru helstu atriði (engan veginn tæmandi talning):

1. Vistvottun er flókið ferli og best er að ráða **ráðgjafa með vottunarréttindi** til þess að stýra ferlinu. Ég geri ráð fyrir því að flestar stærri ráðgjafarstofurnar (t.d. Verkís, EFLA og VSÓ) séu með starfsfólk sem hefur réttindi frá kerfum eins og BREEAM-c eða LEED-nd. Sé áhugi fyrir því að velja vottun, er mikilvægt að hafa í huga að hún er bæði kostnaðarsöm og tímafrek og ég mæli ekki sérstaklega með slíkri vottun fyrir Víkurhverfi. Hér má finna upplýsingar um meginflokk og stigagjöf BREEAM-c: https://www.breeam.com/communitiesmanual/content/00_introduction/05_scoring_and_rating_proposals.htm.
- Jafnvel þótt **ekki sé stefnt að vottun**, þ.e. er mjög jákvætt að fylgja leiðbeiningum fyrir hönnun vistvænna hverfa t.d. *Shaping Neighborhood*, eftir Barton, Grant og Guise (er með gátlista). Taki bæjarstjórn ákvörðun um að skipuleggja vistvænt hverfi, þá væri ráðlegt að fá ráðgjafa með vottunarréttindi fyrir vistvæna byggð (ekki byggingar).
2. Skipulagsferlið uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru um **stefnumótun** bæjaryfirvalda í upphafi skipulagsferlis. Yfirleitt er hér um að ræða hugarflugsfundi sem stýrt er af vistbyggðarráðgjafa. Faktískt séð hefðu nefndirnar þrjár, skipulags- og byggingarnefnd, bæjarráð og bæjarstjórn, þurft að koma að stefnumótunarferlinu og bæjarstjórn síðan tekið ákvörðun um að skipuleggja Víkurhverfi samkvæmt hugmyndafræði um vistvæna byggð. Það er ennþá hægt að gera það.
3. Ferlið uppfyllir heldur ekki kröfur um **íbúasamráð** þ.e. til viðbótar við lágmarkskröfur laga og reglugerða. Það væri hægt að bæta inn upplýsinga- og samráðsfundi fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila.
4. Taka þarf betur á **náttúruvernd** í skipulaginu þ.m.t. vatnsvernd, fráveitumál (BGO og náttúrulegt flæði vatns), auka gróðursvæði og líffræðilegan fjölbreytileika.



Einnig væri hægt að gera ráð fyrir **orkusparnaði** í hönnun bygginga, lágmarka kolefnisfótspor (CO2) húsanna og hvetja til vals á vistvottuðum, náttúrulegum, viðhaldslitlum og endingargóðum byggingarefnum innandyra sem utan.

Síðan væri gott að gera ráð fyrir tengingum fyrir **rafbíla** til þess að hvetja fólk til að velja vistvænni bíla (fólk getur keypt búnaðinn sjálf) og gera ráð fyrir **hjólagrindum/skýlum**.

Varðandi BGO, þá er betra að takmarka eins og hægt er val á ógegndræpum yfirborðsefnum (malbiki og steinsteypu) og **velja frekar gegndræp efni** (t.d. gras, gróðursvæði, hellur, möl og jarðvegsgrindur (eco rasterar). Malbik er mjög óumhverfisvænt efni og takmarka þarf bæði notkun þess og svífryk eins og mögulegt er.

Varðandi samgöngumál þá þyrfti að **forgangsráða virkum ferðamátum**, gangandi og hjólandi með því að hanna götur sem taka mið af 30 km/klst hámarkshraða og bæta stígakerfið þannig að það **þjóni íbúum beggja vegna götu** þ.e.a.s. þeir sem búa þeim megin götu sem hefur gangstétt eru líklegri til þess að ganga á götunni sé áfangastaðurinn sömu megin götunnar. Til þess að hvetja íbúa til að velja virka ferðamáta, þarf einnig að huga að **fagurfræði** götunnar með götugróðri og götugögnum og vönduðum frágangi.

Í skipulaginu, eins og það er í dag skv. bókun bæjarráðs, er gert ráð fyrir að Borgarbraut og Bauluvík verði 6,5 m. Þessi breidd er líkleg til þess að leiða til hraðari umferðar en 30 km/klst. Vissulega er hægt að innleiða **hraðatakmarkandi aðgerðir** s.s. þrengingar við þveranir, en þá má líka spyrja sig að því hversvegna göturnar eru þá ekki bara hannaðar þrengri. Þegar 30 km götur eru hannaðar breiðari með þrengingum er það yfirleitt vegna þess að gert er ráð fyrir samsíða bílastæðum við götunna (2,5m+2,5m+2m) en það er ekki ætlunin við þessar tvær götur.

Það er mjög gott að gera ráð fyrir 15 km/klst **vistgötum** (shared space, home zone) sem kalla á samskipti, leik og samvinnu meðal íbúa og við myndum fá stig fyrir það.

Síðan þarf einnig að hugsa út í **hugsanlega hljóð- og ljósmengun** en þar er t.d. hægt að vinna með aðgerðir sem halda umferðarhraða niðri, nota frekar lágréttar hraðatakmarkandi lausnir (þrengingar) en lóðréttar (hraðahindranir) og val á götulýsingu (tímastillir, val á ljósbúnaði, hæð staura o.fl.).

- Auk þess þyrftum við einnig að huga betur að **samfélagslegum rýmum** í vistgötunum og öðrum almenningsrýmum þ.e. skilgreina betur opin svæði m.t.t. til aðgengis, þarfa og fjölbreytileika (leikur, útivera, hreyfing, samvera o.s.frv.). **Samfélagslegt umferðaröryggi** (óbein nágrannavarsla eða „eyes on the street“) er mikilvæg og er mikilvægt að gluggar snúi að göturýmum og opnum svæðum.
- Aukinn **þéttleiki byggðar** og **fjölbreytt framboð íbúðarhúsnæðis** er í takt við kröfur um vistvænt skipulag. Bæta við íbúðareiningum sem eru hannaðar skv. stöðlum um **algilda hönnun**, sem gefur vistvottunarstig.

Röðun húsa þannig að þau nýti **náttúrulega dagsbirtu** vel innanhúss og gefa **sólrika og skjólsæla garða** telur líka til stiga. Til að auka skjólmyndun mætti gróðursetja skjólbelti og skógarreiti. Það og fjölbreytilegur gróður sem eykur **líffræðilegan fjölbreytileika**, sem einnig gefur stig.



7. Í skýringum með skipulaginu er mælt með ákveðnum **arkitýpum** sem taka mið af karakter bæjarins og styrkir sérstöðu hans og aðdráttarafl. Fyrir það fást stig vegna menningartengdra þátta.
8. Við erum líka í góðum málum hvað varðar nálægð og **aðgengi að verslun og þjónustu** m.a. skóla, heilbrigðisstofnun og íþróttamannvirki. Aðgengi að **útvísitarsvæðum** er einnig gott.

Taki bæjarstjórn ákvörðun um að velja vistvæna hönnun, þá ættu ofangreindir þættir að koma fram í greinargerð með skipulaginu og vera endurspeglaðir í uppdrættinum, sem síðan eru leiðbeinandi gögn fyrir hönnun gatna og stíga, fráveitu, lagna og almenningsrýma.

Endurskipulag Víkurhverfis inniheldur marga þætti sem telja má til vistvæns skipulags en uppfyllir hvorki kröfur um vistvottun né vistvænt skipulag án vottunar. Vilji bæjarstjórn endurskoða stefnu og markmið skipulagsins og leggja áherslu á vistvænar lausnir, þá er það ekki of seint en það myndi hinsvegar tefja skipulagsferlið um á að giska 1-3 mánuði (ekki vottun). Sjá einnig tp sem ég sendi ykkur 9. nóvember en þar kom ég líka inn á marga þessa þætti.

Kristín Þorleifsdóttir
sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála og skipulagsfulltrúi